



9. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 4. mars 2015 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hallur Halldórsson (HH), Hróðný Hanna Hauksdóttir (HHH), Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ), Þórdís Raket Hansen (ÞRH), Sveinbjörn Másson (SM), Sigríður Runólfssdóttir (SR), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Axel Sigurðsson og Sveinn Jónsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 8. fundargerð aðalstjórnar frá 4. febrúar 2015 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 11. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 18. febrúar 2015 til umræðu.

3. Starfshópur um frístundaheimili og samfellu í tómstundastarfi

- Framkvæmdastjóri fór yfir framhald á vinnu hópsins.

4. Héraðsþing HSK

- Umf. Selfoss á 16 fulltrúa á Héraðsþing HSK. Samþykkt að manna þingið með sama hætti og undanfarin ár þ.e. hver deild og aðalstjórn senda einn fulltrúa auk þess sem aðalstjórn og fjölmennustu deildirnar senda annan fulltrúa þar til búið er að fylla fulltrúatölu.

5. Aðalfundur Umf. Selfoss og ársskýrsla

- Farið yfir dagsetningar á fundum og minnt á að deildir skili ársskýrslu og reikningum til framkvæmdastjóra fyrir aðalfundi sína.
- Einnig var rætt um tillögur til aðalfundar.

6. Fjárhagsáætlun 2015

- Fjárhagsáætlun 2015 lögð fram og samþykkt.

7. Sumarblað Árborgar og sameiginleg íþróttá- og útvístarnámskeið

- Skila efni sumarblað Árborgar fyrir 15. apríl 2015.
- Rætt um sameiginlegt námskeiðshald en ekki er þörf á því að sinni.

8. Búningamál

- Staðfestur samningur við Jakol.

9. Aðstaða taekwondodeildar í Baulu

- Ófeigur fór yfir hnökra á aðstöðu taekwondodeildar í Baulu.

Fundi slitið klukkan 19:30.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 1. apríl 2015 kl. 18:15 – 19:45 í Tíbrá.